

Stjörnuspá

21. mars - 19. apríl
Hrútur Þær aðstæður eru nú uppi sem ýta á eftir því að þú ták ákvörðun í persónulegu máli. Gleymdu því þitt og kannaðu hvort þú vilt breyta til.

20. apríl - 20. maí
Naut Haltu vöku þinni því ýmislegt er að gerast í kringum þig sem þú mátt ekki láta fram hjá þér fara. Gleymdu því samt ekki að heima bíða þínir nánustu.

21. maí - 20. júní
Tvíburar Þjálfðu hugann. Vel má vera að þú hafnir þar sem draumar þínir uppfyllast. Að vinna bara og sofa gengur ekki til lengdar.

21. júní - 22. júlí
Krabbi Ef maður nálgast viðfangsefni sín af ást, ver maður minni orku í að klára þau. Ef þú berð aldrei í borðið gatarðu hæfileikanum til þess að láta að þér kveða.

23. júlí - 22. ágúst
Ljón Notaðu tímann í dag til þess að skýra óljós atriði sem tengjast sameiginlegum eignum. Haldtu ró og reyndu að vinna skipulega því þannig nýtist tíminn best.

23. ágúst - 22. september
Meyja Þú átt gott með að tjá þig við aðra hvort heldur það er í gamni eða alvöru. Láttu aðra um þau verk sem þú þarft ekki að sinna.

23. september - 22. október
Vog Þú ert uppfullur af hugmyndum og fleiri streyma að þér úr öllum áttum. Vertu vakandi fyrir möguleikum í dag, því að þér gætu áskotnast peningar.

23. október - 21. nóvember
Sporðdreki Vinnan sem bíður þín er ólík öllu sem þú hefur áður gert. Haltu því bara þínu striki, því að öll el birtir upp um síðir. Farðu út á meðal fólks.

22. nóvember - 21. desember
Bogmaður Þér finnst aðrir horfa yfir óxlina á þér. Námskeið og bækur eru greið leið að öðrum heimum. Nýjar upplýsingar berast og við þeim þarf að bregðast.

22. desember - 19. janúar
Steingeit Þú tekur hugsanlega upp á einhverju í dag sem vekur athygli yfirboðara. Allt er á sínum stað og ekkert að vanbúnaði til að njóta til fulls með ástvinum sínum.

20. janúar - 18. febrúar
Vatnsberi Þú munt hugsanlega fá tækifæri til að hafa jákvæð áhrif á ungar ómótaðar sálir í dag. Synjaðu ekki beiðni góðs vinar um aðstoð í neyð.

19. febrúar - 20. mars
Fiskar Það er ástæðulaust að troða öðrum um tær þegar hægt er að ná takmarkinu öðruvísi. Mistökín eru til þess að læra af þeim.

Ágúst H. Bjarnason grasafræðingur – 80 ára

Á faraldsfæti í náttúrunni

Ágúst H. Bjarnason fæddist næstsíðasta dag ársins, 30. desember 1945, á Hringbraut 65, sem varð síðar Snorrabraut 65, í Reykjavík. „Í þá tíð var gefinn afsláttur af sköttum við fæðingu barna og var ég því kallaður „litli skattur“ fyrst framan af.“

Ágúst gekk í Austurbæjarskóla, þá í Gagnfræðaskóla Austurbæjar, fór í 3. bekk almennan áður en hann tók landspróf 1962. Síðan lá leiðin í Menntaskólann í Reykjavík og lauk hann stúdentsprófi 1966. Um haustið hélt hann til Uppsala í Svíþjóð og lagði þar stund á grasafræði ásamt nokkrum hliðargreinum. Hann lauk fil. kand.-prófi 1969, hóf þá framhalds-nám en kom heim vorið 1972. Síðar lauk hann doktorsprófi frá háskólanum þar 1991. Ritgerð hans fjallaði um gróður í sögulegum hraunum við Heklu.

Ágúst var ungur sendur í sveit og var á Þórðarstöðum í Fnjóskadal 1951-1958. Þar kynntist hann öllum venjulegum sveitastörfum. Mörg sumur dvaldi hann í Haukadal í Biskupstungum með foreldrum og systur, þar sem faðir hans sá um framkvæmdir þar. „Seinna átíðist ég nokkur sumur í heyskap og öðrum störfum á búi tengdafaðra minna á Víkingavatni í Kelduhverfi.“

Á unglingsárum starfaði Ágúst við að gróðursetja, girða, grísa og bera áburð á plöntur. Þá var hann aðstoðarmaður Steindórs Steindórs-sonar við grasafræðiathuganir, var við vegamælingar í Skagafirði, vann nokkur sumur á Rannsóknastofnun landbúnaðarins og var tvö sumur í Surtsey. Í 15 sumur var hann rútubílstjóri, bæði í hálendisferðum og áætlanarakstri. Þá hefur hann verið leiðsögumaður og bílstjóri í allnokkrum fræðsluferðum erlendra grasafræðinga.

Ágúst byrjaði ungur að ferðast um Ísland með föður sínum, sem var á sífældum ferðalögum. Síðan tók hann að ferðast á eigin vegum. „Oftast tek ég fyrir 2-4 hreppa á hverju sumri og ferðast um þá. Þá er ég tengdur tveimur hópum, sem ferðast víða. Nú reyni ég að dvelja sem lengst á Víkingavatni á hverju sumri, þar sem



Afmælisbarnið Ágúst við gróðurgreiningar, en Flórulyklar – Greiningarbók háplantna á Íslandi, eftir Ágúst, kemur út eftir áramót.



Sólveig og synir Eins og gefur að skilja ræktaði fjölskyldan eigin jólatré.


stórfjölskyldan hefur komið sér vel fyrir.“

Aðalstarf Ágústs var kennsla. Árið 1972 hóf hann starf í Menntaskólanum við Tjörnina, sem síðar var við Sund, til 2009. Kennslugreinar hans voru einkum líffræði, lífeðlisfræði og lífefnafræði. Eitt ár kenndi hann í Kennaraskóla Íslands og hjá Námsflokki Reykjavíkur í kvöldskóla. Um allmörg ár kenndi hann á Hvanneyri, í fyrstu plöntusöfnun en síðustu ár mosufræði.

„Ég kynnti mér lífræna ræktun og hvernig staðið er að því að votta lífræna landbúnaðarframleiðslu í

Svíþjóð 1995 og vann við vottun í Smálöndum um tíma. Ég fékk leyfi landbúnaðarráðuneytis til þess að starfrækja vottunarstofu fyrir lífræna landbúnaðarframleiðslu 1996.“ Ágúst sinnti umhverfismati fyrir verklegar framkvæmdir í allnokkur ár.

Á árum áður tók Ágúst virkan þátt í ýmsum félögum; hann var fyrsti formaður í Náttúruverndarfélagi Suðvesturlands 1971, stofnfélagi í Skotveiðifélagi Íslands, í stjórn Nordisk Bryologisk Forening 1978-1983 – varaformaður síðasta árið, formaður Hins íslenska náttúrufræðifélags (HÍN) 1984-1986, stofnfélagi í



Fedgar Ágúst og Hákon Bjarnason rétt fyrir miðja síðustu öld.

Hagþenki – félagi höfunda fræðirita og kennslugagna – varaformaður 1986 og 1987, en áfram í stjórn 1988, varamaður í stjórn Fjölís, samtaka hagsmunafélaga um gæslu eftirgerðarréttar 1988-2004, formaður fulltrúarráðsins 1992, 1993 og 1998. Í stjórnskipaðri nefnd til að gera tillögur um tilhögun og uppbyggingu íslensks náttúrufræðisafns 1985-1987 og í úthlutunarnefnd starfsstyrkja Hagþenkis 1997 og 1998. Ágúst er heiðursfélagi í Hagþenki og Hinu íslenska náttúrufræðifélagi.

Ágúst á sér mörg áhugamál. „Ég safnaði bókum um langan tíma en er hættur því og jafnvel farið að losa mig við eina og eina. Ég spila á stundum bríds, en aðallega þó lomber og er í góðum hópi, þar sem spilað er hálfsmánaðarlega.“

Hann hefur stundað veiðar frá barnæsku, einkum skotveiðar. Á ferð um landið safnar hann mosum og æðaplöntum og á nú þegar stórt safn af hvoru tveggja, sem mikil vinna hefur verið lögð í. Hann hefur fundið nýjar tegundir fyrir Ísland úr hópi háplantna, sveppa, fléttna og mosa, sem sýnir víðtæka þekkingu hans á ólíkum flokkum plönturíkis.

Ágúst hafði forgöngu um að finna leiði Páls Ólafssonar skálds með jarðsjá, sem var löngu týnt í miðri Reykjavík. Að tilhlutan hans gaf HÍN út veggmyndirnar Flóra Íslands og Fuglar. Í sambandi við grasafræði hefur Ágúst sótt að minnsta kosti 15

Allt fyrir pílukastarann

Nýtt spjald frá Unicorn, Eclipse Ultra2 með hárfínum línum. Stilliskrúfur til að stilla spjalðið af við vegg.

Verð 17.550 kr.

Síðumúli 35 (gengið inn að aftanverðu) - 108 Reykjavík
S. 568 3920 - Ópið 11.00-18.00

Til hamingju með daginn

Svava Júlíusdóttir

100 ÁRA Svava Júlíusdóttir fæddist í Hafnarfirði 30. desember 1925 og ólst þar upp.

Svava er næstelst af fjórum alsystkinum og er hún ein eftirlifandi. Þau voru Mundína Soffía Júlíusdóttir, f. 21.4. 1924, d. 15.5. 2019, Sigurjón Steinþór Júlíusson, f. 9.10. 1929, d. 20.2. 1988, og Margrét Júlíusdóttir, f. 17.4. 1935, d. 29.6. 2010. Hún átti eina systur sammæðra, Ragnheiði Guðmundu Sigurgísladóttur, f. 10.9. 1918, d. 20.11. 1991. Svava á eina systur sem er samfeðra. Hún heitir Guðrún Pálína Júlíusdóttir, f. 27.11. 1953.

Svava ólst upp í Hafnarfirði og gekk þar í skóla. Hún hafði snemma áhuga á íþróttum og æfði handbolta. Hún spilaði með Haukum í mörg ár og varð Íslandsmeistari Hauka í handbolta með sínu liði árið 1945.

Hún fylgist enn vel með íþróttum og horfir á alla handboltalandsleiki, bæði með íslenska karlalandsliðinu og íslenska kvennalandsliðinu.


Svava giftist Ingólfi Egilssyni rakara úr Hafnarfirði. Þau byggðu sér hús í Garðabæ og bjuggu þar alla sína hjúskapartíð. Svava býr nú á Hraunvangi 1 í Hafnarfirði.

Svava var húsmóðir og starfsmaður í Frigg hreinlætisvörum.

FJÖLSKYLDA Eiginmaður Svövu var Ingólfur Egilsson, f. 4.12. 1923, d. 2.1. 1988. Börn þeirra eru: Þórunn f. 1947, Hrefna f. 1949, Sigríður f. 1954, Sigrún f. 1958, Grétar f. 1960 og Júlíus f. 1964. Barnabörnin eru 15, barnabarnabörnin eru 39 og barnabarnabarnabörnin eru 3. Foreldrar Svövu voru Júlíus Sigurjónsson, f. 1901 í Holti, Gerðahreppi, d. 1972, lengst af sjómaður, og Hrefna Halldórsdóttir, f. 1894 á Akranesi, d. 1955.



Ætt Ágústs H. Bjarnasonar



ráðstefnur, þar sem hann hefur haldið erindi. Hann flutti á annan tug pistla um grasafræði í útvarpi 1994/95.

Ágúst hefur samið sjö bækur um grasafraði, þar á meðal eru Íslensk flóra með litmyndum, sem Eggert Pétursson myndskreytti, og Mosar á Íslandi. Einnig var hann ritstjóri Stóru garðabókarnnar 1996. Þá hefur hann skrifað 38 tímaritsgreinar í grasafraði, 9 um annað efni og gefið út 43 skýrslur á vegum Vistfræðistofunnar. Um nokkurra ára bil skrifaði hann gagnrýni um fræðibækur í náttúrufræði í Morgunblaðið, samtals 74 pistla.

Eftir áramót kemur út ný bók eftir Ágúst, sem hann gefur út sjálfur, Flór-
ulyklar – Greiningarbók háplantna á Íslandi. „Unnt verður að greina
rúmlega 800 tegundir háplantna í
flóru landsins eftir bókinni.“

Fjölskylda

Eiginkona Ágústs var Sólveig
Aðalbjörg Sveinsdóttir kennari, f. 2.6.

1948, d. 15.11. 2016. Þau giftust 11.10. 1974. Sólveig ólst upp á Víkinga- vatni. Foreldrar hennar voru Sveinn Björnsson, f. 1915, d. 2000, bóndi og Guðrún Jakobsdóttir, f. 1914, d. 2003, húsfreyja.

Synir Agústs og Sólveigar eru 1) Hákon, f. 1975, tölvunarfræðingur, kona hans er Þóra Kristín Bjarnadóttir, f. 1978, doktor í ljálfraði; þau eiga þrjú börn: Vigdís Tinnu, Sólveigu Freyju og Agúst Val; 2) Björn Víkingur, f. 1980, rafmagnsverkfræðingur, kvæntur Tíjönu Drobnjak, f. 1987, doktor í ljálfraði; þau eiga tvo syni: Svein Aleksandar og Baldur Luka.

Systkini Ágústs eru Laufey, f. 1943, fv. kennari, Björg, f. 1947, fv. flugfreyja og Jón Hákon, f. 1958, garðyrkju- og skógtækniþæðingur. Samfeðra hálf-systir var Inga Cleaver, 1936, d. 2017.

Fjeldrar Agústs voru Guðrún K. J.J. Bjarnason, f. 1919, d. 2004, hús-freyja, og Hákon Bjarnason, f. 1907, d. 1989, skógræktarstjóri. Þau bjuggu í Reykjavík.

Vísnaðhorn

Af kerlingu, karli og himinsól

Ingólfur Ómar Ármannsson
 sendir góða kveðju í Vísnaðhorn
 ið og þakkar gamalt og gott. „Ég
 þykist muna það rétt að ég birti
 fyrstu vísuna mína 2004, svo það
 eru að verða 22 ár sem er dágóður
 tími og ég tel það hafa verið far-
 sælt lán fyrir mig og aðra að þið
 feðgar byrjuðuð á því að vera með
 Vísnaðhornið í Morgunblaðinu.“
 Svo fylgir vísu um hækkandi sól:

Áfram tímans iðar hjól
enn að grímu þrengir,
hærra stímir himinsól
heldur skímu lengir.

**Kerlingin á Skólavörðuholtinu
saknar karlsins á Laugaveginum og
þrjónar við vísuna sem birtist í gær:**

Napurt blæs um naust og vog,
nístir hjartað tregi,
dæmalaust er dapurt og
dimmt á Laugavegi.

Í Hallgrímskirkju held ég inn,
heyri orðið þýðast,
nú er vænsti vinur minn
verður kvaddur síðast.

Aldrei nokkur sér mín sár
svíða grimmt og brenna
því mín heitu tregatár
tær í einsemd renna.

Bitlaust er mitt bogna sverð,
blóðug und í sinni,
eitt er víst að áfram verð
ein á göngu minni.

Sólveig í Laufási rak nefið inn í KB Borgarnesi, frábæra búð sem er „passlega lítil svo að ég villtist ekki og þar fékkst bókstaflega allt“:

Hér fá má flugnabana
fóður í hundsrakkana
joð og plóg
járn og tóg
– og jólagjöf fyrir hana.

Af leikföngum lítum slatta,
ljósfæri og hitaplatta
trjágreinatöng
tittlingaspöng
kjötnet og kúrekahatta.

Jón Jens Kristjánsson heyrði í fréttum RÚV að auðvelt væri að svindla á kílómetragjaldinu:

Ég læðist þá lægst er tung
með lið sem að hrærir úln
og afbrotið frem ég
uns þá að kem ég
mælinum niður í 0.

- Allar kveðjur og ábendingar vel begnar, ekki síst í bundnu máli.

Pétur Blöndal
p.blondal@gmail.com

Grettir



Hrólfur hræðilegi



Ferdinand



Í klípu

eftir Mike Baldwin



„ÉG MÆLI MED MEGRUNARDÍLNUM!
HELMINGI MINNI FITA OG KOLVETNI,
HÁLF SAMLOKA!“

Hermann

eftir Jim Unger



**„ÞÚ NÆRÐ ÞEIM KANNSKI EF ÞÚ GETUR
HLAUPTÐ EINS OG VINDURINN!“**

